

Sp.

148. Tillaga

til þingsályktunar um hverjar kröfur beri að gera til trúnaðarmanna Íslands erlendis.

Flm.: Jónas Jónsson.

Sameinað Alþingi ályktar að lýsa því yfir, að það telur það eina sjálf-sögdustu skyldu hvernar stjórnar, bæði þeirrar, er nú situr, og annara, er síðar koma, að velja þá menn eina til að vera fulltrúar landsins erlendis, sem reyndir eru að reglnsemi, dugnaði og þróðmensku i allri háttsemi, svo að treysta megi, að þeir komi hvarvetna fram þjóðinni til sæmdar.

Greinargerð.

Úr allmörgum kjördæmum, bæði þeim, sem nú hafa fulltrúa á þingi, er styðja stjórnina, og úr kjördæmum, sem andstæðingar stjórnarinnar eru fulltrúar fyrir, hafa borist áskoranir, sem ganga í sömn átt og sú tillaga, sem hjer er flutt.